

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/45/EB

frá 28. maí 2003

### um breytingu á tilskipun ráðsins 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs<sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 2002/68/EB<sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. a í 2. gr. og 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2002/57/EB eru sett fram bandalagsákvæði um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs í bandalaginu. Tilskipunin nær ekki, samkvæmt skilgreiningu á flokknum „stofnfræ“, til fræ af öðrum blendingum en sólfíflí. Að auki eru ekki sett sérstök skilyrði í tilskipuninni sem fræ fóðurrepju og baðmullar eiga að uppfylla.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/232/EB frá 27. júní 1995 um tilhögum tímabundinnar tilraunar samkvæmt tilskipun ráðsins 69/208/EBC til að ákvarða hvaða skilyrði fræ blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækals þurfi að uppfylla<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2002/68/EB, miðar m.a. að því að setja skilyrði sem fræ af blendingum fóðurrepju þurfa að uppfylla vegna vottunar og markaðssetningar samkvæmt löggjöf bandalagsins.
- 3) Með niðurstöðum tímabundnu tilraunarinnar, sem kveðið er á um í ákvörðun 95/232/EB, hefur verið staðfest að setja beri sérstök skilyrði fyrir fræ af blendingum fóðurrepju. Breyta ber tilskipun 2002/57/EB til samræmis við þetta með því að bæta við sérstökum skilyrðum.
- 4) Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur sett reglur um fræ fyrir blendinga baðmullar, innan tegundar og milli tegunda (*Gossypium hirsutum* og *Gossypium barbadense*). Til þess að tryggja samræmi á milli Efnahags- og framfarastofnunarinnar og ESB á þessu sviði ber að breyta tilskipun 2002/57/EB með því að bæta við reglum sem eru jafngildar reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar.
- 5) Samsett yrki olíu- og trefjajurta falla undir gildissvið tilskipunar 2002/57/EB. Í ákvæðum um merkingar í þeirri tilskipun eru þó ekki settar fram fullnægjandi reglur um merkingu fræs samsettra yrkja. Breyta ber tilskipun 2002/57/EB til samræmis við þetta með því að bæta við kröfum um fullnægjandi merkingar fyrir samsett yrki.

<sup>(1)</sup> Stjórd. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

<sup>(2)</sup> Stjórd. EB L 195, 24.7.2002, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Stjórd. EB L 154, 5.7.1995, bls. 22.

6) Breyta ber tilskipun 2002/57/EB til samræmis við þetta.

7) Ráðstafanirnar í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 2002/57/EB:

1. Í c-lið 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi í stað inngangssetningaránnar:

„c) stofnfræ (annað en fræ af blendingum): fræ“.

2. Í d-lið 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi í stað inngangssetningaránnar:

„d) stofnfræ (blendingar)“.

3. Ákvæðum I., II. og IV. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2003.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slik tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. maí 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

---

Ákvæðum I., II. og IV. viðauka við tilskipun 2002/57/EB er breytt sem hér segir.

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka:

- a) Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið:

„Að því er varðar fræ af blendingum fóðurrepju skal það ræktað í jarðvegi þar sem liðið hafa fimm ár frá því að plöntur af *Cruciferae* voru síðast ræktaðar.“

- b) Í stað töflunnar í 2. lið komi eftirfarandi:

Ræktun	Lágmarksfjarlægð
„ <i>Brassica spp.</i> nema <i>Brassica napus</i> , <i>Cannabis sativa</i> nema sambýlishampur, <i>Carthamus tinctorius</i> , <i>Carum carvi</i> , <i>Gossypium spp.</i> nema blendingar <i>Gossypium hirsutum</i> og/eða <i>Gossypium barbadense</i> , <i>Sinapis alba</i> :	
— við framleiðslu stofnfræs	400 m
— við framleiðslu vottaðs fræs	200 m
<i>Brassica napus</i> :	
— við framleiðslu stofnfræs af yrkjum, öðrum en blendingum	200 m
— við framleiðslu stofnfræs af blendingum	500 m
— við framleiðslu vottaðs fræs af yrkjum, öðrum en blendingum	100 m
— við framleiðslu vottaðs fræs af blendingum	300 m
<i>Cannabis sativa, monoecius hemp</i> :	
— við framleiðslu stofnfræs	5 000 m
— við framleiðslu vottaðs fræs	1 000 m
<i>Helianthus annuus</i> :	
— við framleiðslu stofnfræs af blendingum	1 500 m
— við framleiðslu stofnfræs af yrkjum, öðrum en blendingum	750 m
— við framleiðslu vottaðs fræs	500 m
<i>Gossypium hirsutum</i> og/eða <i>Gossypium barbadense</i> :	
— við framleiðslu stofnfræs af foreldralínum <i>Gossypium hirsutum</i>	600 m
— við framleiðslu stofnfræs af foreldralínum <i>Gossypium barbadense</i>	800 m
— við framleiðslu vottaðs fræs af blendingum <i>Gossypium hirsutum</i> innan tegundar	200 m
— við framleiðslu vottaðs fræs af blendingum <i>Gossypium barbadense</i> innan tegundar	600 m
— við framleiðslu vottaðs fræs af blendingum <i>Gossypium hirsutum</i> og <i>Gossypium barbadense</i> milli tegunda	600 m“

- c) Eftirfarandi komi í stað 3. liðar:

„3. „Ræktunin skal vera ósvikin og hrein að því er varðar yrki eða, ef um er að ræða ræktun skyldleikaræktaðrar línu, ósvikin og hrein að því er varðar einkenni hennar.

Við framleiðslu fræs af blendingsyrkjum gilda ákvæðin hér að framan einnig um þáttaeiginleika, þ.m.t. karlófrjósemi eða endurheimt frjósemi.

Einkum skal ræktun *Brassica juncea*, *Brassica nigra*, *Cannabis sativa*, *Carthamus tinctorius*, *Carum carvi*, *Gossypium spp.* og blendinga af *Helianthus annuus* og *Brassica napus* samræmast eftirfarandi stöðum eða öðrum skilyrðum:

A. *Brassica juncea*, *Brassica nigra*, *Cannabis sativa*, *Carthamus tinctorius*, *Carum carvi* og *Gossypium spp.* nema blendingar:

fjöldi plantna af tegundunum í ræktuninni, sem eru greinilega ekki af réttu yrki, má ekki vera meiri en:

- ein á hverja  $30\text{ m}^2$  við framleiðslu stofnfræs,
- ein á hverja  $10\text{ m}^2$  við framleiðslu vottaðs fræs.

B. Blendingar af *Helianthus annuus*:

- a) hlutfall af fjölda þeirra plantna, sem eru greinilega ekki af skyldleikaræktuðu línunni eða þættinum, má ekki vera meira en:
  - aa) við framleiðslu stofnfræs:
    - i) skyldleikaræktaðar línur 0,2%
    - ii) einblendingar:
      - karlforeldri, plöntur sem losað hafa frjókorn á meðan 2% eða stærri hluti kvenplantnanna hafa móttækileg blóm 0,2%
      - kvenforeldri 0,5%
  - bb) við framleiðslu vottaðs fræs:
    - karlpáttur, plöntur sem losað hafa frjókorn á meðan 5% eða stærri hluti kvenplantnanna hafa móttækileg blóm 0,5%
    - kvenþáttur 1,0%
- b) við framleiðslu fræs af blendingsyrkjum skal eftirtöldum stöðulum og öðrum skilyrðum fullnægt:
  - aa) karlpáttarplönturnar skulu gefa frá sér nægilegt frjókornamagn á meðan kvenþáttarplönturnar eru í blóma,
  - bb) ef kvenþáttarplöntur hafa móttækileg fræni skal hlutfall fjölda plantna, sem hafa losað frjókorn eða eru að losa frjókorn, ekki fara yfir 0,5% miðað við fjölda,
  - cc) við framleiðslu stofnfræs má hlutfall kvenþáttarplantna, sem eru greinilega ekki af réttum þætti og sem hafa losað frjókorn eða eru að losa frjókorn, ekki fara yfir 0,5% miðað við fjölda,
  - dd) ef ekki er hægt að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2.-lið I. hluta II. viðauka skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt: nota skal karlöfrjósemisþátt við framleiðslu vottaðs fræs með því að nota karlpátt sem inniheldur tiltekna endurheimtarlinu eða -linur þannig að þriðjungur plantnanna hið minnsta, sem ræktaðar eru af blendingnum sem verður þá til, myndi frjókorn sem virðast edlileg að öllu leyti.

C. Blendingar *Brassica napus*, framleiddir með því að nota karlöfrjósemi:

- a) hlutfall af fjölda þeirra plantna, sem eru greinilega ekki af skyldleikaræktuðu línunni eða þættinum, má ekki vera meiri en:
  - aa) við framleiðslu stofnfræs:
    - i) skyldleikaræktaðar línur 0,1%
    - ii) einblendingar:
      - karlpáttur 0,1%
      - kvenþáttur 0,2%
  - bb) við framleiðslu vottaðs fræs:
    - karlpáttur 0,3%
    - kvenþáttur 1,0%
- b) karlöfrjósemi skal vera a.m.k. 99% við framleiðslu stofnfræs og 98% við framleiðslu vottaðs fræs. Karlöfrjósemisstigið skal meta með því að kanna hvort frjóa fræfla vantar á blóm.

D. Blendingar *Gossypium hirsutum* og *Gossypium barbadense*:

- a) við ræktun til að framleiða stofnfræ af foreldralínum *Gossypium hirsutum* og *Gossypium barbadense* skal lágmarkshreinleiki yrkis kven- og karlforeldralínanna vera 99,8% þegar 5% eða stærri hluti fræberandi plantna hefur blóm sem eru móttækileg frjókornum. Meta skal karlöfrjósemisstig fræberandi foreldralínu með því að kanna hvort frjóir fræflar eru á blómum og skal það ekki vera lægra en 99,9%,
- b) við ræktun til að framleiða vottað fræ af blendingsyrkjum *Gossypium hirsutum* og/eða *Gossypium barbadense* skal lágmarkshreinleiki yrkis fræberandi foreldralínu og frjókornaforeldralínu vera 99,5% þegar 5% eða stærri hluti fræberandi plantna hefur blóm sem eru móttækileg frjókornum. Meta skal karlöfrjósemisstig fræberandi foreldralínu með því að kanna hvort frjóir fræflar eru á blómum og skal það ekki vera lægra en 99,7%.“
- d) Eftirfarandi komi í stað B-liðar 5. tölul.:

„B. Ef um er að ræða aðra ræktun en blendinga *Helianthus annuus*, *Brassica napus*, *Gossypium hirsutum* og *Gossypium barbadense* skal skoðun fara fram minnst einu sinni.

Ef um er að ræða blendinga *Helianthus annuus* skal skoðun fara fram minnst tvísvar sinnum.

Ef um er að ræða blendinga *Brassica napus* skal skoðun fara fram minnst þrisvar sinnum: fyrsta skoðun skal fara fram áður en blómgunarstigið hefst, önnur skoðun snemma á blómgunarstiginu og þriðja skoðun í lok blómgunarstigsins.

Ef um er að ræða blendinga *Gossypium hirsutum* og/eða *Gossypium barbadense* skal skoðun fara fram minnst þrisvar sinnum: fyrsta skoðun skal fara fram snemma á blómgunarstiginu, önnur skoðun áður en blómgunarstiginu lýkur og þriðja skoðun í lok blómgunarstigsins eftir að frjókornafrumplöntunar hafa verið fjarlægðar eftir því sem við á.“

2. Ákvæðum 1. liðar II. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í 1. lið. skal bæta við orðunum „nema blendingar“ á eftir orðunum „*Brassica napus*“.
- b) Eftirfarandi 1. lið a skal bæta við á eftir 1. lið:

„1a. Ef um er að ræða blendinga *Brassica napus* framleidda með því að nota karlöfrjósemi skal fræið uppfylla skilyrði og staðla sem settir eru fram í a- til d-lið.

a) Fræið skal vera hreint og ósvikið að því er varðar þáttaeiginleika þess, þ.m.t. karlöfrjósemi eða endurheimt frjósemi.

b) Lágmarkshreinleiki hvers fræs skal vera a.m.k.:

— stofnfræ, kvenþáttur	99,0%
— stofnfræ, karlþáttur	99,9%
— vottað fræ	99,0%

c) Fræ er því aðeins viðurkennt sem vottað fræ að tekið sé fullt tillit til niðurstaðna úr opinberum eftirkönnunarprófunum á opinberum sýnum stofnfræs, teknum úr sáðreitum á vaxtarskeiði fræsins sem afhent er til vottunar sem vottað fræ, til að ganga úr skugga um að stofnsáðkornið uppfylli þær kröfur, sem mælt er fyrir um að því er varðar að stofnfræið sé ósvikið með tilliti til þáttaeinkenna, þ.m.t. karlöfrjósemi, og staðla fyrir stofnfræ sem mælt er fyrir um í b-lið að því er varðar lágmarkshreinleika yrkis.

Ef um er að ræða stofnfræ af blendingum ber að meta hreinleika yrkis með viðeigandi lísefna-fræðilegum aðferðum.

d) Fylgjast skal með stöðlum um lágmarksýrkishreinleika, sem mælt er fyrir um í b-lið að því er varðar vottað fræ af blendingum, með opinberum eftirkönnunarprófunum á sýnum sem tekin eru opinberlega. Nota ber lísefnafræðilegar aðferðir.

3. Eftirfarandi aa-lið skal bæta við á eftir a-lið í A-lið IV. viðauka:

- „aa) Fyrir vottað fræ af samsettu yrki:

upplýsingarnar sem krafist er í a-lið, þó skal tilgreina heiti samsetta yrkisins í stað heitis yrkisins (upplýsingarnar „samsett yrki“ og heiti þess) og hundraðsluta miðað við þyngd einstakra þáttu í hverju yrki. Nægilegt er að tilgreina heiti samsetta yrkisins ef búið er að tilkynna kaupandanum skriflega, samkvæmt beiðni, um hundraðsluta, miðað við þyngd, og skrá opinberlega.“

---